

**161. fundur**  
**Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms**

Skólanefnd Tónlistarskóla Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 10. febrúar 2016 kl. 10:30 á skrifstofu skólastjóra.

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, formaður sem jafnframt ritar fundargerð, Eyór Lárentsínusson og María Valdimarsdóttir.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

**1. Fjárhagsáætlun 2016.**

Skólastjóri fór yfir og gerði grein fyrir fjárhagsáætlun ársins. Rekstrartekjur eru áætlaðar kr. 8.340.500,00, rekstrargjöld eru áætluð kr. 60.857.776,00. Niðurstaða áætlunar er kr. 52.517.276,00. Starfsmannahald verður óbreytt, þ.e. fjöldi starfsmanna.

**2. Skýrsla skólastjóra.**

**Nemendur**

Skólastjóri gerði grein fyrir viðbótum/breytingum á skólagjaldi fyrir nemendur sem eru í tónfræði eingöngu, einnig kynnti hún breytingar á kennslufyrirkomulagi og skólagjaldi í ásláttarhljóðfærum. Skólanefnd samþykkir þessar viðbætur og breytingar á gjaldskrá og útfærslu á kennsluframboði.

Breytingar urðu á samsetningu nemendahóps um áramót, einhver tilfærsla varð á milli deilda en niðurstaðan er nokkurn veginn sami nemendafjöldi þegar upp er staðið. Nokkrir eru á biðlista, flestir í bið á hljóðfæri nr. 2, aðrir með ósk um hljóðfæri þar sem er fullt nú þegar.

Kynjaskipting nemenda er þannig að 61 stúlka er við nám og 39 piltar. Piltar flestir í gítar og slagverki, stúlkur í meirihluta í píanónámi og tré- og málmblástursdeild.

**Tónleikar**

Framundan er mikill tónfunda og tónleikamánuður. Tónfundir verða 8.-26. febrúar. Umræða varð um árekstra við prófadaga í grunnskóla sem fara fram á svipuðum tíma. Huga má að því í framtíðinni að láta þetta ekki rekast á.

Dagur tónlistarskólanna verður í Stykkishólmskirkju laugardaginn 27. febrúar kl. 14.00 með tónleikum og kaffisölu.

Framundan er þátttaka í Nótunni 2016, þar sem verða svæðistónleikar Vesturlands í Stykkishólmskirkju laugardaginn 12. mars og lokatónleikar í Eldborgarsal Hörpu sunnudaginn 10. apríl.

### **Próf**

Próf voru haldin sunnudagin 31. janúar sl., prófanefnd sendi prófdómara og voru tekin eitt grunnpróf á píanó og 2 miðpróf á píanó. Næst er stefnt að prófum í lok apríl.

### **Annað**

Unnið er að endurskoðun á heimasíðum bæjarins og stofnunum og er Martin Markvoll fulltrúi tónlistarskólans í þeim vinnuhóp.

Búið er að flytja tölvuúrgang og "server" úr ljósritunarherberginu og er nú verið að skoða hillukaup og kaup á nýrri ljósritunarvél.

Auglýsa þarf eftir blásarakennurum fyrir næsta skólaár, bæði tré og málm.

Símon Karl Sigurðarson réð sig bara þennan vetur og er á leið í framhaldsnám. Alexandra Sukhova er lausráðin 20% og Martin Markvoll hefur sagt starfi sínu lausu.

### **3. Endurskoðun skólastefnu Stykkishólmsbæjar.**

Farið var yfir vinnuskjal með niðurstöðum og punktum frá vinnufundum sem haldnir voru undir stjórn Ingvars Sigurgeirssonar í viku 4 og gerðar smá viðbætur. Vinnuskjalið verður sent til áframvinnslu hjá stýrihópi skólastefnu. Skólaþing verður haldið föstudaginn 4. mars nk. Með aðkomu starfsmanna allra skólanna og fulltrúa úr stýrihópi.

Stefnt er að almennu skólaþingi bæjarbúa um þetta starf laugardaginn 21. maí nk.

### **4. Önnur mál.**

Önnur mál voru engin.

Fundargerðin upplestin og hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:02.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir (sign.)